

Fundagerð

Miðvikudaginn 23.nóvember 2022 var haldinn fundur hjá starfshópi um hjólastefnu Hafnarfjarðar, og hófst hann kl. 15:00 á skrifstofu Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar, Norðurhelli 2, 221 Hafnarfjörður. Mættir voru: Dána Björk Olsen (DBO), Ómar Freyr Rafnsson (ÓFR), Sigurjóna Hauksdóttir (SH) Lilja G. Karlsdóttir (LGK) Hilda Steinunn Egilsdóttir (HSE) Helga Stefánsdóttir (HS) Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar, Berglind Guðmundsdóttir (BG) Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.

- 1. Fundagerð**-Síðasta fundagerð lögð fram til samþykktar-samþykkt
- 2. C-leið** : kom útprentað skjal af C-leiðinni og kílómetrafjöldi náði 28.9 kílómetrum. Hópurinn sammála að C-leið komi vel út. Verð á kílómetur í kringum 40 milljónir, heildarverð á C-leið væri þá í kringum 1.184 milljónir. Umræða um að nálgast verkefni notist við SMART SKÝR-MÆLANLEG-AÐGERÐAMIÐUÐ-RAUNHÆF-TÍMARÖMMUÐ
- 3. Markmið** : að minnsta kosti 10% ferða í hfj verði hjólandi. að hjólastígar (C-leið) verði 30 km árið 2028
- 4. Verkefna-skipting** : Markhópar - Hilmar
Rekstur og viðhald - Dána
Hverfi og greining - Ómar
Ábendingargátt - Sigurjóna
Aðgerðar áætlun og Hönnun innviða - Lilja
Fyrir næsta fund verða allir búnir að skrifa fyrsta draft á sinum köflum
- 5. Almenn umræða** : HSE sem er að klára BS lokaritgerð í hjóla og göngustígum kom á fundinn með okkur og tók þátt í umræðunni, möguleikar fyrir því að hún taki þátt í mótun / stefnu hósins. Umræða fór mikið í markmiða-stefnu hósins sem að felur í sér m.a. Aukinni hlutdeild hjólreiða sem og bættum innviðum og sýnileika. Þessi markmið voru ítarlega skilgreind á fundinum. Bikemaps.org síða þar sem fram fer umræða og ábendingar í hjólaheiminum.
- 6. Næsti fundur**: miðvikudaginn 7. Desember á betri stofu kl 15:00

Fundi lokið 16:45